



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Yfirlit bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspóstis árið 2019

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda afhent Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kostnaðarlíkan ásamt ítarlegum sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2019. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna einkaréttar frá annarri alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)¹, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC² útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluaðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 4. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Miðað er við að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í líkani ÍSP byggir að miklu leyti á kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað undanfarin ár. PFS telur að kostnaðarlíkanið sem ÍSP lagði fram þann 5. mars 2020 vegna ársins 2019 byggji á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 313/2005 og ákvörðun PFS nr. 18/2013 hvað varðar framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar.

¹ LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

² LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld eftir starfsþáttum fyrir árið 2019 (þús. kr.)

	Einkaréttur	Samkeppni	Samkeppni	Samtals
	Innan alþjónustu	innan alþjónustu	utan alþjónustu	
Tekjur	2.603.409	4.013.395	1.080.771	7.697.575
Gjöld	-2.691.098	-5.036.597	-701.835	-8.429.530
Afkoma starfsþátta	-87.689	-1.023.202	378.936	-731.955
Afstemming við ársreikning:				
Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir				61.236
Afkoma dóttur- og hlutdeildarféлага				6.529
Annað				36.560
Tekjuskattur				116.808
Afkoma ársins				-510.822

Í gjöldum einkaréttar hefur verið meðtalinn kostnaður sem samsvarar mati PFS á alþjónustubyrði sem einkarétti var heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki féll undir einkarétt í samræmi við 2. másl. 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Metin alþjónustubyrði á aðallega við um „hefðbundinn alþjónustukostnað“ vegna útburðar í dreifbýli og rekstur afgreiðslunets eins og fram kom í ákvörðun PFS nr. 17/2015 en byrðin hefur farið minnkandi undanfarin ár, sbr. ákvörðun PFS nr.13/2019.

Á undanförunum árum hafa komið upp vandamál í rekstri ÍSP vegna mikils taps á erlendum póstsendingum á undanförunum árum. Tapið stafar einkum af óhagstæðum endastöðvasamningum sem ÍSP er bundið af á vettvangi Alþjóðapóstsambandsins (UPU) vegna skuldbindinga sem hvíla á íslenska ríkinu sem felur í sér alþjónustuskyldu sem ÍSP sinnir. Samkvæmt starfsþáttayfirliti ÍSP fyrir árið 2018 nam tap félagsins vegna erlendra sendinga sem heyra undir samkeppni innan alþjónustu 818 millj. kr., en fór lækkandi á árinu 2019 og nam 496 millj. kr., aðallega vegna þess að fyrirtækið fékk heimild til að leggja sérstakt sendingargjald á viðtakendur erlendra póstsendinga, sbr. 4. gr. laga nr. 23/2019 til að mæta framangreindum taprekstri.³

Þann 1. janúar 2020 tóku gildi ný lög um pósthjónustu nr. 98/2019. Ein af meginbreytingum laganna var að einkaréttur ríkisins á dreifingu bréfa undir 50 gr. var felldur niður. Í þeirri yfirlýsingu sem hér birtist er því í síðasta skipti tekið tillit til aðgreiningu einkaréttar frá öðrum þáttum í starfsemi ÍSP. Lagatiltvitnanir í yfirlýsingunni taka mið af lögum nr. 19/2002.

Álit PFS:

PFS byggir álit sitt á bókhaldslegum aðskilnaði hjá ÍSP á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, stjórn og forstjóra, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt forsendum og skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegum aðskilnaði. Jafnframt hefur ÍSP lagt fram frekari

³ Frá og með 3. júní 2019 innheimtir ÍSP sendingargjald af sendingum sem koma erlendis frá og bera aðflutningsgjöld. Sendingargjaldið er 400 kr. fyrir sendingu frá Evrópu og 600 kr. fyrir sendingu frá löndum utan Evrópu.

upplýsingar og skýringar að beiðni PFS um ýmis atriði í bókhaldi félagsins vegna bókhaldslegs aðskilnaðar.

Í samræmi við fyrirmæli PFS í ákvörðun nr. 18/2013 hefur ÍSP lagt fram álitserð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, dags. 30. apríl 2020, vegna rekstrarársins 2019, þar sem fram kemur að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2019. Með vísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu staðfestir PFS hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2019 er í samræmi við reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.